


Nr.: GÁT-040	<b>Verkmenntaskóli Austurlands</b>	
Útgáfa: 2		
Dags.: 12/14/2021	<b>Fundargerð (Skólanefnd 18.11.25)</b>	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 1 af 4		


Dags.: 18.11.25	Tími: 16:45	Staðsetning: Fundarherbergi	Fund boðaði: Birgir
-----------------	-------------	-----------------------------	---------------------

Mætt:	Petra, Guðný, Þórður, Sigurborg, Eva Mjöll, Helena Kr f.h. NIVA, Birgir, Pjetur. Karen, Hjördís, Hlöðver og Pálína á Teams
Fjarverandi:	

#### Dagskrá:

- 1) Rekstraráætlun og þriggja ára áætlun – BJ og SH
- 2) Afmæli/markaðssetning – PLS
- 3) Skólanámskrá – Skólanefnd
- 4) Námsframboð - GBG
- 5) Nýtt stjórnáætlun – BJ
- 6) NIVA – TRH
- 7) Önnur mál.

nr.	Fundargerð dagskrárlíðs
1)	<p>Ársáætlun 2026 var skilað 17. Nóv s.l. ásamt útkomuspá fyrir árið 2025. Afgangur upp á tæpar 19 milljónir á þessu ári. Tekjurnar verða meira en áætlað var, m.a. vegna smáskipanámskeiðs sem búið hefur til meiri tekjur en gert var ráð fyrir. 2026 er gert ráð fyrir 15,4 milljónum í halla – eigum uppsafnaðan afgang sem við ætlum að fá að nota. Helsta skýring er áætluð 4% launahækkun og tekjur munu minnka þar sem við munum ekki keyra smáskipanám ofl. árið 2026. N.k. ár lítur vel út og er á meðan er.</p> <p>3 ára áætlunin: Ekki gert ráð fyrir miklum hækkunum á þessari 3 ára áætlun en stóra planið að nýta uppsafnaðan afgang til að mæta þeim hækkunum sem munu koma.</p> <p>Stefnumiðuð áætlun tekur yfir markmið og fleira sem áður var skilað á word skjölum en árið 2024 var þetta uppfært í tölvukerfi þar sem markmið og fleira kemur skýrt fram. „Stuðla að aukinni aðsókn í starfsnám“, „minnka brotthvarf“, „efla starfsánægju“ og fleira sem eru á markmiðsskránni okkar. Birgir rennir yfir þessa áætlun í grófum dráttum með fundarmeðlimum til kynningar. Skýrar línur hvar við stöndum í stofnuninni og auðvelt að fylgjast með þróun mála. Segja má að þessir mælikvarðar hjálpi til við að halda okkur á tánum þó eflaust þurfi að endurskoða einhver markmið með tíð og tíma.</p>
2)	Petra Lind fer yfir hugmyndir að 40 ára afmælisári skólans. Höfum verið að skoða hugmyndir frá öðrum skólum sem hafa átt stórafmæli á þessu ári.

Nr.: GÁT-040	<b>Verkmenntaskóli Austurlands</b>	
Útgáfa: 2		
Dags.: 12/14/2021	<b>Fundargerð (Skólanefnd 18.11.25)</b>	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 2 af 4		

Þær hugmyndir sem eru komnar eru eftirfarandi: Afmældisdagur/kaffi, halda tónleika með fyrrum nemendum skólans enda mikið af tónlistarfólki sem hefur útskrifast úr skólanum, 40 ára afmælisrit, gera eitthvað stórt á Tæknideginum, breyta logo-i skólans á afmælisárinu, halda málþing og einhverskonar herferð útá svið þar sem verið er að „þefa upp“ gamla nemendur.

Petra fer yfir það þegar 100 ára afmæli Þróttar var fyrir tveimur árum, þá tók fólk vel í að nefna minningar sem tengjast Þrótti, gaman væri að kasta fram spurningum til fyrrum nemenda VA. Upphaflega var hugmyndin að halda afmælið Tæknidagshelgina, en ekki víst hvort það sé nægilega gott varðandi það að verið sé að einbeita sér bara að Tæknideginum. Hægt væri að hafa einn til tvo viðburði á vorönn og einn til tvo á haustönn.

Umræður um afmælishaldið:

Gott að hafa þetta ekki á sama tíma og Tæknidaginn, til þess að vera ekki að blanda þessu saman. En hægt þó að gera eitthvað extra þann dag, en ekki endilega að sameina þetta. Spurning um að horfa frekar á haustið með stóran afmælisviðburð. Hugmyndir að einstaklingum ræddar.

Þarf að passa að ákveða hvort við ætlum að koma saman og fagna eða ætlum við að vera að auglýsa skólann með þessum viðburðum. Getum við gert eitthvað til þess að vera sérstaklega heillandi fyrir tilvonandi nemendur? Viljum við búa okkur til eitthvað slagorð? Tónleikar – hvað stendur VA fyrir?

Gott að teygja afmælið yfir allt árið, til þess að halda okkur áberandi. Gæti verið áhrifamikið að fá nemendur með í svona vinnu, þau vita hvar væri gott að auglýsa og hvernig, sýna félagslífið, flestir eru að horfa eftir félagslífinu í skólanum þegar þau eru að velja sér skóla.

Á vorönn væri gott að fókusa meira á verðandi nemendur og á haustönn þá frekar til dæmis tónleikana, kaffi og slíkt.


Hugmynd að byrja á einhverri herferð á Tæknideginum. Hafa t.d. einu sinni í viku frétt um fyrirverandi nemanda eða slíkt.

Niðurstaðan, að fyrri hluti ársins fari í ímynd útá við og að draga að nemendur. Á haustönn væri hægt að einblína á að fagna afmælinu frekar með afmælisfögnuði.

Birgir rifjar upp samtal við einstakling sem ráðlagði honum varðandi markaðssetningu. Stutt og hnitmiðuð myndbönd sem ná til unglinga. Hægt að fá nemendur til að vera með innslög „dagur í lífi VA nemanda“. Við þurfum samt sem áður líka að hafa í huga að ná einnig til foreldra.


Hugmynd kastað fram varðandi samfélagsmiðla og smá átak þar. Hvað geturðu orðið?– Með námi í VA.... Hvað gerir rafvirki með menntun í X ? Og tala til unga fólksins.

5-7 manna afmælisnefnd væri flott. Næsta skref er að hjóla í það að mynda nefndina og hefjast handa við skipulagningu afmælisársins.

Nr.: GÁT-040	<b>Verkmenntaskóli Austurlands</b>	
Útgáfa: 2		
Dags.: 12/14/2021	<b>Fundargerð (Skólanefnd 18.11.25)</b>	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 3 af 4		

3)	Skólanámskrá – Skólanefnd. Þessi liður verður tekinn fyrir aftur á næsta fundi. Fundar meðlimir beðnir að rýna betur og endurskoða og koma með punkta á næsta fundi.
4)	Námsframboð: Nýr hópur fer af stað eftir áramót í iðnmeistaránámi. Útskrifuðum hóp úr smáskipanáminu í október og af stað fór nýr hópur í skipstjórn. Virðist landlægt vandamál að það vanti nemendur í vélvirkjun. Vangaveltur meðal fundar meðlima varðandi nám í pípulögnum. Guðný segir frá heimsókn hennar Birgis í fyrirtæki, m.a. í Alcoa þar sem kannað er þörfina á námi af hálfu fyrirtækjanna. Þar kom m.a. fram að aðgengi að raunfærnimati mætti vera betra, ýmsar hugmyndir varðandi aðgengi að sveinsprófum ofl. sem mikilvægt er að eiga samtali um í samstarfi við fyrirtækin í Fjarðabyggð.
5)	Nýtt stjórnarsýslustig. Birgir segir frá því að mennta- og barnamálaráðherra ásamt fylgdarliði (aðstoðarmaður ráðherra og 2 starfsmenn ráðuneytisins) hafi heimsótt VA 3. Nóvember s.l. og fundað með starfsfólki skólans. Birgir gekk einnig með þeim um húsnæðið og kynnti. Staðan á þessum stjórnarsýslubreytingum eftir þessa heimsókn virðist ansi óljós og mjög opin á þeim tímamarki sem heimsóknin stóð yfir. Við höldum áfram að fylgjast með þróun mála. Miðað við allt er stefnan að þetta nýja stjórnarsýslustig eigi að fara í gagnið 2027.
6)	Nemendafélag VA – NIVA Helena segir stuttlega frá störfum nemendafélagsins, sem gefur út mánaðarplön í upphafi hvers mánaðar. Segir að sumt sé fjármagnað t.d. með fíksölu eins og í fyrra og leitað til styrkja í bænum fyrir stærri viðburði sem oft sé tekið vel í. Mætingin alla jafna fin, sérstaklega þegar um er að ræða vinninga eða pizzur. Austfirsku Ólympíuleikarnir voru haldnir í haust þar sem farið var og keppt við ME og FAS og haldið sameiginlegt ball skólanna um kvöldið. Aðeins rætt hvernig megi tengja 10 bekk í Fjarðabyggð við nemendafélagið með einhverjum hætti til að byggja örlitla brú á milli stiganna.
7)	Önnur mál. Birgir nefnir að auglýst hafi verið eftir kennara í raf- og vélvirkjun s.l. vikur. Engin umsókn barst svo nú verður hugað að hvernig leysa megi þau mál í kennslunni eftir áramót.  Áætlað að næsti fundur verði haldinn aðra viku í febrúar 2026.

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Nr.: GÁT-040	<b>Verkmenntaskóli Austurlands</b>	
Útgáfa: 2		
Dags.: 12/14/2021	<b>Fundargerð (Skólanefnd 18.11.25)</b>	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 4 af 4		

--

Fundargerð ritaði: <i>Petra Lind Sisuðardóttir</i>	dags. 18.11.25
--	----------------

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):
--